

REGLUR

um afhendingu neyðarsendinga frá útlöndum.

1. gr.

Farmflytjendum skal heimilt að afhenda vöru án undangenginnar tollafgreiðslu þegar afhending hennar úr þeirra vörslu þolir eigi bið vegna ástands eða eðlis vörunnar. Heimild þessi tekur m.a. til lyfja, lifandi blóma og dýra, grænmetis, hráefnis til iðnaðarframleiðslu, vélavarahluta í skip, flugvélar og verksmiðjur svo og hliðstæðra sendinga en hins vegar eigi til almennra verslunarvara.

2. gr.

Beiðni um afhendingu neyðarsendingar skal borin fram á sérstöku eyðublaði í fimmriti. Eyðublöðin skulu tölusett í áframhaldandi töluröð eftir afhendingarfjölda hvers farmflytjanda.

Á eyðublaði skulu tilgreindar helstu upplýsingar um vöru þá sem óskað er afhendingar á, skuldbindingar innflytjanda og farmflytjanda um tollafgreiðslu vörunnar svo og samþykki tollstarfsmanns sem hefur skoðað vöruna og gengið úr skugga um magn hennar og verð.

3. gr.

Við afhendingu vöru skal farmflytjandi taka fjártryggingu að eigin mati til tryggingar greiðslu hins erlenda kaupverðs, tolla og annarra ríkissjóðsgjalda. Er hann ábyrgur gagnvart hinum erlenda eiganda og ríkissjóði standi innflytjandi eigi sjálfur í skilum, sbr. 4. gr.

Frumrit ásamt 1. og 2. samriti skal afhent tollgæslunni, sem síðan sendir ríkisendurskoðun frumritið en 1. samrit til tollstjóra þess tollumdæmis þar sem áformað er að tollafgreiðsla fari fram. Tollgæslan geymir 2. samrit, farmflytjandi heldur 3. samriti en 4. samrit afhendist innflytjanda.

4. gr.

Innflytjandi greiðir hið erlenda kaupverð vörunnar til viðkomandi banka og annast tollskýrslugjöf til þess tollembættis þar sem tollafgreiðsla á að fara fram. Fullnaðartollafgreiðsla ska eiga sér stað innan tuttugu daga frá afhendingu vöru.

Við tollafgreiðslu vöru skal innflytjandi leggja fram samrit sitt samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og fá áritun tollstjóra á það um að fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram. Farmflytjandi endurgreiðir innflytjanda fjártryggingu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. gegn framvísun slíkrar áritunar tollstjóra og tollstimplaðs farmbréfs.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1979.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.